

Tel ég því, að ákvæðum greinarinnar sé fullnægt með því formi samninga verk lýðsfélaga og atvinnurekenda, að samningstími og uppsagnarfrestur fari saman.

Í greinargerð fyrir lögnum eru þessi atriði ekki skýrð, en útlitun 6. gr. fjallar um og leggur áherzlu á, að samningarnir skuli vera skriflegir.

Ég get því engan veginn fallist á, að ógilda beri nú uppsögn samninga af hendi stefnda í máli þessu, miðað við, að samningarnir falli úr gildi 3. þ. m. og að gildistími þeirra sé lengri en til þessa dags, og tel ég verkfallsboðun stefnda gilda.

Samkvæmt framanskráðu er dómsatkvæði mitt á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Verk lýðsfélag Akraness, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Akraness, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. maí 1951.

Nr. 4/1951. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Skipaútgærð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi. Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 27. marz þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands gegn Skipaútgærð ríkisins. Eru dómkröfur stefnanda þær *aðallega*, að dæmt verði, að stýrimönnum á skipum stefnda sé óskylt, samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 22. júlí 1950, að inna af hendi á frívöktum sölu farmiða og farmiðaeftirlit, en *til vara*, að kjarasamningur málsaðilja frá 27. júlí 1950 verði skýrður svo, að greiða beri stýrimönnum á skipum stefnda sérstaka borgun fyrir að annast sölu farmiða og farmiðasmölun og eftirlit á frívöktum.

Pá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Undanfarin ár hafa stýrimenn á skipum stefnda haft á hendi farmiðaeftirlit, farmiðasölu og innheimtu farmiða hjá farþegum, með þeirri undantekningu þó, að á stríðsárunum var þetta starf falið sérstökum manni, undir umsjá stýrimanna. Samkvæmt samningum málsaðilja eru þrískiptar vaktir á sólarhring á þeim skipum stefnda, sem hafa þrjá stýrimenn, og virðist svo sem framangreint starf stýrimanna sé yfirleitt framkvæmt á svokallaðri frívakt þeirra. Í kjarasamningi aðilja, sem gerður var 28. desember 1942, er svo um samið, að vaktir skuli vera þrískiptar á þeim skipum, sem hafa þrjá stýrimenn, nema þegar skipstjóri telur nauðsyn bera til þess að víkja frá því vegna öryggis skipsins. Ekki er í samningi þessum kveðið á um greiðslur til stýrimanna fyrir vinnu á frívakt, að öðru leyti en því, að þegar skipi er lagt að eða frá bryggju skulu þeir fá tiltekna greiðslu fyrir hverja byrjaða hálfu klukkustund, sem tekin er af frívakt þeirra, eftir því sem nánar er ákveðið í samningnum. Pá er svo um samið í samningi þessum, að auk fastakaupsins skuli stýrimenn fá aukabókun, 10% af kaupi sínu, svokallaða strandferðabókun. Ennfremur fá stýrimenn kr. 10.00 á mánuði í mistalningsfé, þar sem þeir annast sölu farmiða. Hinn 9. desember 1945 semja aðiljar á ný. Er þá sem áður haldið ákvæðinu um þrískiptar vaktir og kveðið á um aukagreiðslur fyrir vinnu á frívakt, þegar skipi er lagt að eða frá bryggju. Haldið er hinu eldra ákvæði um mistalningsfé, en strandferðabókunin felld niður. Og nú er tekið upp það nýmæli, að stýrimenn fá aukagreiðslu fyrir farmiðasölu á „frívakt“ og er hún, fyrir hverja byrjaða hálfu klukkustund, jöfn þeirri þóknun, sem stýrimenn fá, þegar þeir eru kvaddir til starfs af „frívakt“, er skipi er lagt að eða frá bryggjum. Þessi samningur er síðan framlengdur óbreyttur 22. október 1947 og eftir honum farið, þar til samið var á nýjan leik 22. júlí 1950. Með þeim samningi, er þá var gerður, verða ýmsar breytingar á ákvæðum

hinna eldri samninga. Föst laun stýrimanna hækka, en ákvæðið um aukagreiðslur til stýrimanna, fyrir kvaðningu til starfa á „frívakt“, þegar skipi er lagt að og frá bryggju, og einnig ákvæðið um aukagreiðslu fyrir farmiðasölu á frívakt fellur niður. Hins vegar er haldið ákvæðinu um mistalningsfé til stýrimanna, sem annazt sölu farmiða.

Eftir 22. júlí 1950 kom skjótt upp ágreiningur milli stýrimanna á skipum stefnda og forráðamanna stefnda um greiðslur fyrir farmiðasölu þá, sem stýrimenn inntu af hendi á „frívöktum“ sínum. Töldu stýrimennirnir, að þeir ættu eftir sem áður rétt til aukagreiðslu fyrir farmiðasölu á „frívöktum“. Byggðu þeir þá kröfu sína á því, að þar sem vaktir skyldu samkvæmt samningnum vera þrískiptar, en farmiðasalan yrði ekki framkvæmd nema á frívakt, hlytu þeir að eiga rétt til aukabóknunar, því þeir væru ekki skyldir til þess að inna þessi störf af hendi á frívakt, án sérstaks endurgjalds. Eru dómkröfur stefnanda byggðar á þessu sjónarmiði og því haldið fram af hans hálfu, að ekki hafi átt að verða neinar breytingar á aukagreiðslum til stýrimanna fyrir farmiðasölu, þrátt fyrir breytt orðalag í kjarasamningnum frá 22. júlí 1950, en af ákvæði samningsins um þrískiptar vaktir hljóti að leiða, að stýrimönnum sé ekki skylt að vinna endurgjaldslaust á frívakt sinni, nema það sé sérstaklega tekið fram.

Stefndi hefur hreyft andmælum gegn því, að Félagsdómur geti dæmt um starfsskyldur stýrimanna á skipum hans, án þess þó að bera fram beina kröfu um frávísun, að því er varðar aðalkröfu stefnanda. Jafnframt hefur hann eindregið mótmælt því, að með samningnum frá 22. júlí f. á. hafi verið samið um nokkra breytingu á starfi stýrimanna á skipum hans frá því, sem áður hafi tíðkast samkvæmt venju, landslögum og ráðningarsamningum stýrimanna. Hinsvegar hafi með samningnum orðið þær kaupbreytingar, að grunnkaup stýrimanna yfirleitt hafi hækkað sem svaraði þeirri fjárhæð, sem stýrimenn á skipum stefnda hafi áður fengið vegna vinnu við farmiðasölu og afgreiðslu þeirra á frívöktum og kvaðningu til starfs af frívakt, er skipi var lagt að eða frá bryggju. Hafi báðum samningsaðiljum verið fullkomlega ljóst við samningsgerðina, að launahækkunin hafi einmitt fengizt gegn

því, að greiðslur fyrir frívaktavinnu féllu niður. Felist þannig ekki í samningnum frá 22. júlí þ. á. neinn réttur til handa stýrimönnum til þess að krefjast aukabóknunar vegna farmiðaafgreiðslunnar, þó að sú vinna sé framkvæmd á frívöktum.

Aðalkrafa stefnanda lýtur að því, hvort stýrimönnum á skipum stefnda sé skylt að inna af hendi ákveðin störf um borð í skipunum.

Starfsskyldur stýrimanna stefnda fara fyrst og fremst eftir landslögum og ráðningarsamningi hvers einstaks þeirra við stefnda, en framangreindur kjarasamningur aðilja frá 22. júlí er ekki nema að litlu leyti heimild um þær. Hinsvegar fjallar hann samkvæmt eðli sínu og orðalagi fyrst og fremst um það, hvaða endurgjald skuli greitt fyrir þá vinnu, sem þeir stýrimenn, er ráðast í þjónustu stefnda, eiga að láta í té. Aðalkrafa stefnanda er því þess eðlis, að hún verður ekki talin falla undir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 1. og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og af framangreindum andmælum stefnda leiðir, að skilyrði 3. mgr. sömu greinar eru, þegar af þeirri ástæðu, ekki fyrir hendi. Ber því að vísa aðalkröfu stefnanda sjálfkrafa frá dómi.

Með breytingum þeim, sem gerðar voru á kjarasamningi aðilja með samningsgerðinni 22. júní 1950 og að framan er greint, er ljóst, að ákvæði eldri samninga um sérstaka greiðslu fyrir vinnu á frívakt við afhendingu og innheimtu farseðla hafa verið felld niður. Og enda þótt rök hafi verið færð fram fyrir því, að hér sé um talsverða vinnu að ræða á skipum stefnda umfram það, sem stýrimenn annarra skipafélaga kunna að eiga við að búa, sem þó hlíta kjörum þessa sama samnings, þá verður ekki talið, að fram hafi komið gögn fyrir því, að aðiljar máls þessa hafi ætlazt til þess við samningsgerðina, né fyrirvarsmenn stefnanda mátt gera ráð fyrir því, að stýrimenn stefnda ættu, þrátt fyrir breytt orðalag, kröfu samkvæmt samningnum til þeirrar aukabóknunar, sem þeir fengu áður vegna farmiðaafgreiðslunnar. Hefur og ekki af hendi stefnanda verið bent á neitt það ákvæði samningsins, sem ætti við um þess háttar greiðslur. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, að því er varðar varakröfu stefnanda.

Eftir þessum málavöxtum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands, er vísað frá frá dómi.

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, skal vera sýkn af varakröfu stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. júní 1951.

Nr. 8/1950.

Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar (Barði Friðriksson hdl.).

Deilt um skilning á kauptryggingarákvæði kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 22. júní f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur vegna skipverja á m/b Særúnu gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar, útgerðarmanns í Bolungavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda sé dæmt skylt að greiða skipverjum á m/b Særúnu, Ís. 6, kauptryggingu fyrir allan febrúarmánuð 1950. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.